



AKUREYRARBÆR

VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG

SKIPULAGSLÝSING

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI
SAMKVÆMT 40. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

ÚTGÁFA 0.0

25.02.2013

UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ



1 Inngangur

Landslag ehf. vinnur nú að gerð deiliskipulags sem nær til götureits umhverfis lóð Verkmenntaskólans á Akureyri.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

2 Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð

Svæðið / götureiturinn sem deiliskipulagið nær til afmarkast af Mímisbraut, Hringteig og Mýrarvegi. Mímisbraut og hluti Mýrarvegs er innan skipulagssvæðisins til að mörk skipulagslagsins séu í samræmi við mörk aðliggjandi deiliskipulags.

Innan skipulagssvæðisins er m.a. lóð Verkmenntaskólans á Akureyri og byggingar skólans.

Skipulagssvæðið er alls um 6,7 ha að flatarmáli.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins.

3 Núverandi aðstæður og viðfangsefni

Verkmenntaskólinn á Akureyri tók til starfa árið 1984 í nýju húsnæði skólans við Hringteig á Eyrarlandsholti. Fyrsta skólaárið voru nemendur 780 en tæpum 30 árum síðar eru þeir rúmlega 1300. Fyrsti áfangi skólans var tæplega 1.200 m² en síðan hafa verið byggðir 10 áfangar og er heildarstærð skólans nú rúmlega 14.000 m².

Aldrei hefur verið gert deiliskipulag af skólalóðinni og nánasta umhverfi þrátt fyrir að byggðir hafi verið 10 áfangar af skólahúsnæði. Að mati skólameistara VMA er talin er þörf á að byggja a.m.k. 1.000 m² af skólahúsnæði til viðbótar við núverandi byggingar svo að húsnæði skólans uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólahúsnæðis fyrir þann fjölda nemenda sem stundar nám við skólann. Um 1300 nemendur stunda nám við skólann og gert er ráð fyrir að þeir verði um 1400 áður en langt um líður.

Við upphaflega hönnun skólans var gert ráð fyrir að nemendur skólans yrðu að hámarki 700 og því er þörf á að auka og bæta húsnæði skólans til að bregðast við þeim fjölda sem stundar þar nám. Skólinn þarf að geta þróast í takt við breytingar í umhverfi sínu og því er tímabært að vinna deiliskipulag af skólalóðinni og nánasta umhverfi.

Þá þarf að skilgreina hvað gera skuli við þann hluta svæðisins sem ekki verður nýttur fyrir byggingar skólans, en skv. gildandi aðalskipulagi skal svæðið vera með útivistargildi og verður það skilgreint frekar í vinnu við deiliskipulag.

Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir lóðamörkum, aðkomuleiðum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða verður til að skilgreina í deiliskipulagi.

4 Skipulagsleg staða

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er skipulagssvæðið allt skilgreint sem *blönduð landnotkun; svæði fyrir þjónustustofnanir og opið svæði til sérstakra nota*.

Skipulagsákvæði fyrir svæðið í aðalskipulagi eru að uppbygging sé samkvæmt deiliskipulagi og að um sé að ræða stofnanasvæði með útivistargildi.

Í kafla 4.3 *Svæði fyrir þjónustustofnanir* er eftirfarandi umfjöllun um stofnanalóðir með útivistargildi:

- Víða um bæinn eru stórar stofnanalóðir sem nýtast íbúum til leikja, íþróttar og ýmissa athafna og hafa þannig ótvírætt almennt útivistargildi. Nokkur slík svæði eru auðkennd á aðalskipulagsupprætti sem stofnanalóðir með útivistargildi.


Í kafla 2.3.6 Menningar- og menntamál er eftirfarandi deilimarmið fyrir framhaldsskóla:

- Fjölbreytt framhaldsskólanám verði í boði og skólunum verði tryggðir vaxtarmöguleikar. Leiðir almenningsvagna að skólunum verði sem bestar og göngu- og hjólreiðastígar sem greiðfærastir.

Ekkert deiliskipulag er í gildi innan skipulagssvæðisins.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulag verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.



Mynd 2. Hluti aðalskipulags Akureyrar 2005-2018. Svæðið sem deiliskipulagið nær til er röndótt, grænt og appelsínugult, og auðkennt með númerinu 2.52.19 S/O

5 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags:

<i>Febrúar-mars 2013</i>	<i>Skipulagslýsing unnin, samþykkt í sveitarstjórn og kynnt.</i>
<i>Mars-apríl 2013</i>	<i>Deiliskipulag fullmótað með skipulagsuppdrætti, greinargerð og skilmálum.</i>
<i>Maí 2013</i>	<i>Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.</i>
<i>Júní-júlí 2013</i>	<i>Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.</i>
<i>Ágúst 2013</i>	<i>Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulagsnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa.</i>
<i>Ágúst 2013</i>	<i>Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af bæjarstjórn.</i>
<i>Ágúst 2013</i>	<i>Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.</i>

6 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu Akureyrarbæjar og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: www.akureyri.is